# Stefna Golfhreyfingarinnar 2025–2030

## Hlutverk

Golfsamband Íslands er leiðandi afl sem sameinar og eflir golfhreyfinguna.
Golfsamband Íslands stendur vörð um reglur og gildi íþróttarinnar, leiðir útbreiðslu, framgang, mótahald og afreksstarf og er málsvari íþróttarinnar.

- Stendur vörð um reglur og gildi íþróttarinnar
- Þróar og eflir afreksstarf og mótahald
- Veitir þjónustu og ráðgjöf til golfklúbba
- Gera golf eftirsóknarvert og aðgengilegt fyrir alla

## Framtíðarsýn

Að komandi kynslóðir elski golfíþróttina

## Gildi

Heiðarleiki – Virðing – Lífsgæði

## Stefnuáherslur

### Golf fyrir alla

**Íþróttin er fyrir alla aldurs- og samfélagshópa**

- Golf sé aðgengilegt fyrir alla.
- Stuðla að gerð nýrra golfvalla og aðstöðu við allra hæfi, í samræmi við vaxandi þörf í samfélaginu.
- Öflugt barna- og unglingastarf um land allt með áherslu á fjölbreytni og félagslega þátttöku.
- Fjölbreytt mótahald sem hentar ólíkum hópum iðkenda.
- Áhersla á kosti íþróttarinnar með tilliti til lýðheilsu og grænna útivistarsvæða í byggð.

### Afreksstarf

**Að styðja afrekskylfinga landsins**

- Styrkja afrekssvið GSÍ og bæta stuðning við afrekskylfinga.
- Efla fagmennsku í þjálfun afrekskylfinga og bæta aðstöðu og aðgengi að golfvallasvæðum.
- Móta skýra leið frá barna- og unglingastarfi inn í afreksþjálfun og keppni.
- Senda einstaklinga og lið til keppni fyrir Íslands hönd í alþjóðleg golfmót.
- Auka samvinnu hagaðila og GSÍ varðandi markvissa vinnu með afreksskylfingum.

### Sterkir innviðir

**GSÍ er þjónustumiðstöð golfhreyfingarinnar**

- Ábyrg meðferð fjármuna.
- Auka samstarf og þjónustu við golfklúbba og helstu hagaðila.
- Samtal við sveitafélög um ábyrga landnýtingu og uppbyggingu golfvallasvæða fyrir almenning og afreksgolf.
- Efla stjórnsýslu og fagmennsku innan golfhreyfingarinnar og styrkja alþjóðleg tengsl.
- Nota nýsköpun og stafrænar lausnir til að bæta þjónustu, upplýsingagjöf og mótahald.
- Stuðla að jafnrétti og fjölbreytileika á meðal kylfinga, stjórna og nefnda golfhreyfingarinnar.

### Samfélag og umhverfi

**Ábyrg stjórnun, jafnrétti og vinna að bættu samfélagi**

- Byggja upp jákvæða ímynd golfíþróttarinnar sem heilbrigðrar, sjálfbærrar og samfélagsvænnar íþróttar sem spannar allt æviskeiðið.
- Kynna og bæta aðgengi að golfvöllum landsins sem opnum grænum svæðum.
- Styðja við rannsóknir, þekkingu og þróun í grasvallarfræðum.
- Vinna að umhverfisvernd og góðu samstarfi við nærumhverfi golfvallasvæða.
- Stuðla að jafnrétti kynjanna og fjölbreytni í golfhreyfingunni með markvissum aðgerðum.